





EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	2
Stjórn og skipurit	3
Rekstur 2008 - yfirlit forstjóra	4
Lykilstærðir - Hitaveita	10
Lykilstærðir - Rafveita	13
Lykilstærðir - Vatnsveita	16
Viðskiptavinir	18
Ársreikningar 2008	21

BREYTINGA ER ÞÖRF

Síðastliðið ár mun án efa marka djúp spor í sögu atvinnu- og efnahagsmála á Íslandi. Í upphafi ársins var ljóst að stefndi í samdrátt í íslensku efnahagslífi en fáa óraði fyrir því hruni sem varð á haustmánuðunum. Norðurorka hefur ekki frekar en önnur fyrirtæki farið varhluta af því fjárhagslega umróti sem nú skekur alla heimsbyggðina og hefur lagst með meiri þunga á okkar þjóðfélag en aðra.

Á síðustu árum hefur fyrirtækið haft talsverðan hag af því að skuldir þess hafa að verulegu leyti verið í erlendri mynt, en því fylgir áhætta að hafa tekjur í íslenskum krónum, en skuldarnar í öðrum gjaldmiðli. Það sýnir sig nú við hrikalegt fall krónunnar og setur óhjákvæmilega mark sitt á efnahagsreikning félagsins. Sá óstöðugleiki sem fylgir jafn veikri mynt og íslensku krónunni er ógnun við allan atvinnurekstur í landinu og jafn ljóst ætti öllum að vera að afleiðingar 18% stýrivaxta getur íslenskt atvinnulíf ekki borið, á sama tíma og samkeppnisþjóðir okkar stefna hratt að stýrivöxtum í kringum 1%. Skilaboð alls atvinnulífsins til stjórnvalda eru skýr. Íslenska krónan getur ekki skapað þá umgjörð sem atvinnu og efnahagslífið þarfnast. Tíminn til að marka framtíðarstefnu í gjaldeyris og peningamálum þjóðarinnar er núna. Endurreisn íslensks samfélags á nú allt undir því að stöðir atvinnulífsins í landinu verði eflar og nú má engan tíma missa.

Atvinnureksturinn á Íslandi þarf stöðugleika en hann er forsenda þess að hægt verði að tryggja jafnan og stöðugan hagvöxt og aukna verðmætasköpun. Nú sem aldrei fyrr ríður á að ráðamenn þjóðarinnar standi saman um að nýta sem best þær auðlindir sem landið okkar býr yfir, orkuna í fallvötnum landsins, jarðhitann og mannaúð þjóðarinnar til nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu.

Fall krónunnar og hátt vaxtastig setja mark sitt á rekstrarniðurstöður Norðurorku á liðnu starfsári eins og flest íslensk fyrirtæki, en hefðbundinn rekstur og þjónusta fyrirtækisins gekk þó venju samkvæmt á árinu.

Á veitusvæði félagsins voru eins og undanfarin ár miklar framkvæmdir í gangi á árinu og fór ekki að draga úr fyrr en á síðari hluta ársins, eða jafnvel undir árslok. Ljóst er af þeim samdrætti sem nú á sér stað í byggingariðnaði að einhver bið kann að verða á því að tekjur af fjárfestingum félagsins skili sér að fullu og eins er útlit fyrir að minni þörf verði fyrir nýframkvæmdir á þessu og jafnvel næsta ári. Auk uppbyggingar á veitukerfum í nýjum hverfum var veitusvæði félagsins stækkað á árinu þegar gengið var frá kaupum á veitum Eyjafjarðarsveitar.

Öll raforkusala Norðurorku fer í gegnum dótturfélagið Fallorku. Í raun er a.m.k. enn sem komið er lítil samkeppni í raforkusölu til almennings, en nokkrir stærri kaupendur hafa óskað eftir tilboðum í raforkukaup. Fallorka hefur fyllilega haldið sínum hlut í raforkusölu, en þó er ljóst að á meðan fyrirtækið hefur svo litla möguleika til raforkuframleiðslu sem raun ber vitni, gæti sú hætta skapast að fyrirtækið tapaði markaðshlutdeild.

Áfram var unnið að því að koma virkjunum Fallorku í Djúpadal í gagnið á nýjan leik og er því verki nú svo gott sem lokið. Kostnaður við framkvæmdina var mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi sem einkum felst í auknum kröfum sem gerðar voru til byggingar stíflunnar.

Á miðju þessu ári ganga í gildi ný lög sem kveða á um algeran aðskilnað samkeppnisþátta orkufyrirtækja frá öðrum þáttum í rekstri félagsins, sem m.a. hefur það í för með sér að hvorki stjórnarmenn Norðurorku né stjórnendur mega koma að rekstri Fallorku.

Í þeim samdrætti sem nú skellur á þjóðinni skiptir ekki litlu máli að nú hyllir undir að aflþynnuverksmiðja Becromal í Krossanesi komist í gagnið, en þar munu verða til um 100 ný störf. Norðurorka hefur stutt við þessa uppbyggingu með



Ásgeir Magnússon formaður

þátttöku í stofnun hlutafélags sem sér um byggingu og rekstur 100 MW spennistöðvar fyrir rekstur verksmiðjunnar.

Nýting okkar helstu auðlinda sem m.a. felast í því að beisla orkuna í fallvötnunum og jarðhitann til iðnaðarframleiðslu er örugglega ein af þeim leiðum sem við eigum að fara til að vinna okkur upp úr þeim öldudal sem við erum í. Áfram var unnið að rannsóknum á Þeistareykjum á árinu og voru boraðar tvær rannsóknar holur til viðbótar. Í allt hafa Þeistareykir fjárfest í rannsóknum á svæðinu fyrir hátt í tvo milljarða króna og erfitt er að horfa á þá fjárfestingu í langan tíma án þess að ákvörðun hafi verið tekin um nýtingu hennar.

Fyrirtækið Þeistareykir ehf. var stofnað með það markmið að rannsaka háhitasvæðið á Þeistareykjum og kanna til hlítar möguleika svæðisins til raforkuframleiðslu. Undanfarin ár hefur verið að því stefnt að sú orka sem þar væri vinnanleg yrði nýtt í álveri sem Alcoa hefur í undirbúningi að reisa á Bakka við Húsavík. Það voru því forsvarsmönnum fyrirtækisins mikil vonbrigði að Alcoa ákvað í október s.l. að framlengja ekki viljayfirlýsingu um áframhaldandi samstarf, en Þeistareykir ehf. höfðu sett það skilyrði fyrir framlengingu yfirlýsingarinnar að Alcoa tæki þátt í áframhaldandi rannsóknum. Stjórn Þeistareykja hefur af þessum sökum samhliða viðræðum við Alcoa hafið viðræður við aðra aðila sem sýnt hafa áhuga á að kaupa og nýta orkuna frá Þeistareykjum.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Norðurorku haldið 14 fundi, þar sem málefni félagsins og ekki síður málefni hlutdeildarféлага hafa verið til umræðu. Fyrir hönd stjórnarinnar þakka ég stjórnendum og öllu starfsfólki Norðurorku hf. fyrir gott og árangursríkt starf á liðnu ári. Ég vil einnig þakka hluthöfum, viðskiptavinum og samstarfsaðilum öllum góð samskipti og samstarf á árinu. Þá vil að endingu þakka Franz Árnasyni forstjóra og meðstjórnendum mínum ánægjulegt samstarf.

Ásgeir Magnússon

STJÓRN OG SKIPURIT



Stjórn og forstjóri Norðurorku


STJÓRN

Stjórn Norðurorku hf. 2008 er þannig skipuð:

Ásgeir Magnússon formaður
 Bjarni Jónasson varaformaður
 Kristín Sigfúsdóttir ritari
 Hákon Hákonarson meðstjórnandi
 Anna Þóra Baldursdóttir meðstjórnandi

Varastjórn skipa: Hermann Jón Tómasson
 Sigurður Hermannsson
 Baldvin Esra Einarsson
 Gerður Jónsdóttir
 Birgir Björn Svavarsson

SKIPURIT



STARFSEMI NORÐURORKU HF. Á ÁRINU 2008

HELSTU ATRIÐI

Árið 2008 einkenndist af miklum framkvæmdum samhliða fjölgun nýbygginga og áframhaldandi tenginga við Reykjaveitu og var þannig áþekkt síðustu þremur árum. Í sérstökum kafla ársskýrslunnar er gerð grein fyrir helstu verkefnum hvers veitusviðs.

Þessi framkvæmdaglegi viðskiptavina okkar endurspeglast í miklum fjárfestingum hjá Norðurorku, sem í flestum tilfellum eru þess eðlis að þær skapa nýjar tekjur. Verulega hægði á framkvæmdum undir árslok af ástæðum sem öllum eru kunnar. Því miður er ástæða til að óttast að samdráttur í framkvæmdum á næsta og jafnvel næstu árum verði mjög mikill. Verði sú raunin munu sumar af fjárfestingum liðinna ára skila mun minni tekjum fyrst um sinn en gert var ráð fyrir, þar sem þær nýtast ekki að fullu fyrir en að nokkrum árum liðnum. Jafnframt hefur grundvöllur arðsemisútreikninga einstakra framkvæmda skekkst verulega vegna óðaverðbólgu og gengishruns krónunnar. Að mörgu leyti var æskilegt að spennan í framkvæmdum minnkaði en engan óraði fyrir að spennufallið yrði nær algert.

Undanfarin ár hefur Norðurorka hf. mætt þenslunni með því að ráða verktaka til þess að vinna stóran hluta nýframkvæmda. Þeim hluta starfsmanna fyrirtækisins sem annast viðhald og framkvæmdir hefur því lítið fjölgað á þensluárunum. Sama er að segja um aðrar deildir fyrirtækisins. Þetta gerir auðveldara um vik að draga saman seglin nú þegar þörf er á, án þess að segja þurfi upp starfsmönnum. Þá ber einnig að hafa í huga að á undanfórnum árum hefur verulegt hagræði náðst í rekstri Norðurorku því að þrátt fyrir mikla stækkun á dreifikerfum á Akureyri og á þjónustusvæði hitaveitu og vatnsveitu undanfarin ár, hefur starfsfólki ekki fjölgað. Starfsmannavelta hjá Norðurorku er mjög lítil og til dæmis má nefna að síðastliðin ár hafa engir látið af störfum nema vegna aldurs eða heilsuþrestra. Á árinu hættu þrír starfsmenn störfum og eru þeim þökkud heilladrjúg störf fyrir Norðurorku hf. Þrír nýir starfsmenn hófu störf á árinu og eru þeir boðnir velkomnir til starfa. Á Ólafsfirði urðu þær breytingar að Einar Þórarinnsson lét af störfum fyrir aldurssakir, en Einar var veitustjóri á Ólafsfirði um árabil og verkefnisstjóri fyrir Norðurorku hf. sl. þrjú ár. Einari er þakkað gott starf fyrir Norðurorku hf. sem og fyrir störf að hitaveitumálum almennt. Til að sinna daglegum rekstri hitaveitunnar á Ólafsfirði var gerður verktakasamningur við fyrirtækið Ingvi Óskarsson ehf.



Franz Árnason forstjóri

Ljóst er að afkoma fyrirtækisins er ekki viðunandi þar sem veiking krónunnar og óðaverðbólga hefur leikið efnahag þess grátt. Þrátt fyrir þetta var ákveðið í fjárhagsáætlun ársins 2009 að halda hækkun verðskrár í lágmarki. Rétt er að taka það fram að undanfarin ár hafa verðskrár fylgt vísitölum með þeirri veigamiklu undantekningu að rúmmetra verð á heitu vatni hefur verið lækkað jafnt og þétt. Hækkun á rúmmetraverði þann 1. janúar 2009 úr kr. 89 kr./tonn í 93 kr./tonn er þannig fyrsta hækkunin í rúman áratug. Gripið hefur verið til víðtækra aðgerða til að lækka rekstrarkostnað og er gert ráð fyrir í áætlunum að allt að 10% sparnaður náist í almennum rekstri á árinu 2009. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar um fjármál hér á eftir sem og ársreiknings.

Aðalfundur Norðurorku hf. var haldinn 28. mars 2008 og var hann með hefðbundnu sniði. Fulltrúar allra hluthafa mættu til fundarins en hluthafar voru þá, Akureyrbær, Arnarneshreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandahreppur og Þingeyjarsveit. Nýr hluthafi bættist í hluthafahópinu á árinu þegar Norðurorka hf. keypti hita- og vatnsveitu Reykárhverfis af Eyjafjarðarsveit þann 1. júlí sl. og greiddi hluta kaupverðsins með hlutafé. Á aðalfundinum var kjörin stjórn fyrirtækisins og er hún óbreytt frá fyrra ári. Formaður er Ásgeir Magnússon, varaformaður Bjarni Jónasson, ritari Kristín Sigfúsdóttir og meðstjórnendur Anna Þóra Baldursdóttir og Hákon Hákonarson. Í varastjórn sitja, Baldvin Esra Einarsson, Birgir Björn Svavarsson, Gerður Jónsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Sigurður Hermannsson.



Spennistöð NORAK í byggingu

Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Aðalfundur Norðurorku hf. leggur áherslu á að almenn fyrirtækjalöggjöf og grunnsjónarmið gildi um fyrirtæki á orku og veitusviði. Sérlægum ber að halda í lágmarki og þau taki aðeins á allra nauðsynlegustu atriðum sem almenn lög ná ekki yfir.

Mikilvægt er að sjálfstæði fyrirtækjanna sé virt og sérlæg rýri hvorki verðgildi þeirra né möguleika eigenda til þess að njóta edlilegs arðs. Sú varð því miður raunin um raforkudreifinguna. Þessu verður að breyta nú þegar og mikilvægt að sagan endurtaki sig ekki gagnvart hitaveitum. Fundurinn telur því brýnt að fullt samstarf sé haft við hagsmunaaðila og sjónarmið þeirra virt. Fundurinn lýsir jafnframt áhyggjum sínum af getu flutningskerfis raforku og krefst þess að úr verði bætt. Ófullnægjandi aðgengi að raforku hamlar uppbyggingu iðnaðar þar sem svo háttar. Bilanir í Sultartangastöð í vetur sýna að nauðsynlegt er að byggðalína verði styrkt hið fyrsta með hagsmuni allra landsmanna í huga.

Það er álit aðalfundar Norðurorku hf. að óhjákvæmilegt sé að nú þegar verði ráðist í styrkingu á kerfi Landsnets og fjármunir til þess verks komi úr ríkissjóði. Hér er um sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna að ræða, því líta ber á flutningskerfi raforku á sama hátt og þjóðvegi, hafnir og flugvelli landsins.“

Í lok fundarins ræddi forstjóri m.a. um nýframkomin frumvörp til laga á orkusviði og sagði m.a. að ýmis ákvæði í frumvörpum þessum væru til þess fallin að nýra verðgildi veitufyrirtækja á borð við Norðurorku hf. Þá brýndi hann eigendur til dáða í baráttunni við ríkisvaldið um yfirráð yfir fyrirtækjunum og að passa upp á að ekki yrði farið með hitaveitur og vatnsveitur á sama hátt og raforkulög hefðu farið með raforkudreififyrirtækin. Einnig hvatti hann eigendur orkufyrirtækja og aðra þá sem láta sig málið varða til að láta í sér heyra vegna þess sem hann kallaði eignaupptöku, forræðishyggju og eftirlitsæði ríkisvaldsins.“

Svo fór að nefnd lagafrumvörp urðu að lögum lítið breytt en segja má að það hafi ekki mikil bein áhrif á Norðurorku hf. Þó er að finna í lögnum ákvæði um arðsemi sem telja má óþörf auk ákvæða um fullan aðskilnað milli samkeppnisþátta og svokallaðra sérleyfisþátta. Síðastnefnt ákvæði hefur ekki áhrif á Norðurorku hf. þar sem skilið var á milli þessara þátta í rekstri fyrirtækisins 1. janúar 2007 þegar Fallorka ehf. tók við allri raforkusölu Norðurorku hf.

Capacent Gallup gerði viðhorfskönnun meðal viðskiptavina Norðurorku hf. á haustdögum 2008. Þar var m.a. spurt um: „Þegar á heildina er lítið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu Norðurorku“. Helsta niðurstaðan er að þeim sem eru frekar eða mjög óánægðir hefur fækkað frá samskonar könnun sem gerð var 2006 og þeim sem eru hlutlausir fjölgar. Meginskýringin á því að hlutlausum fjölgar er breytt aðferð við gagnaöflun. Capacent er að taka upp netkönnun í stað símakönnunar og um helmingur svarenda svaraði á netinu í þetta skiptið. Alþjóðlegar rannsóknir leiða í ljós að þeir sem svara á netinu eru miðjusæknari heldur en þeir sem svara í síma og ber að túlka samanburð milli ára í þessu ljósi. Er rétt að taka fram að Capacent stefnir að því að í framtíðinni verði kannanir eingöngu gerðar á netinu.



Fulltrúar styrkþega 2009

Í árslok var að vanda haldið Málþing Norðurorku hf. þar sem fjórir fyrirlesarar fluttu mjög fróðleg erindi sem hægt er að kynna sér á heimasíðunni Norðurorku.

Á málþinginu var að vanda úthlutað styrkjum til menningar- og menntamála. Styrkþegar eru tíu og voru fulltrúar þeirra allra mættir á málþingið til að veita styrkjunum viðtöku.

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja og starfa á fjórum fagsviðum, þ.e. hitaveitna, raforkufyrirtækja, vatnsveitna og fráveitna en er auk þess aðili að Samtökum atvinnulífsins f.h. aðildarfyrirtækjanna. Starfsemi Samorku hefur farið vaxandi og verkefnum fjölgað á liðnum árum. Sem dæmi má taka kynningarmál orkuframleiðenda, samskipti við stjórnvöld og aðra vegna sameiginlegra hagsmuna, námskeiðahald, fundir fagsviða, ráðstefnur o.fl. Samorka hélt vorið 2008 stóra ráðstefnu hér á Akureyri svokallaðan vorfund sem haldinn er þriðja hvert ár og er sameiginlegur fyrir öll fjögur veitusviðin innan Samorku. Þetta var fimmti vorfundurinn sem haldinn er á Akureyri. Að þessu sinni voru þátttakendur 150 auk maka og sýningaradila samtals yfir 300 manns. Samorka er hluthafi í Íslenska menntafélaginu sem rekur Nýja Tækniskólann. Þá er Samorka þátttakandi í Norðurlandasamstarfi orku og veitufyrirtækja. Forstjóri Norðurorku hf. er formaður Samorku og einnig formaður Nordvarme norrænu hitaveitusamtakanna.

Auk dóttur fyrirtækisins Fallorku ehf. og eignarhluta í hlutdeildarfélagunum Tengi ehf., NORAK ehf. og Þeistareykjum ehf. á Norðurorka hlut í nokkrum félögum s.s. Hrafnabjargavirkjun hf., Íslenskri orku ehf., Orkey ehf. og Þekkingarverði ehf. Misjafnt er hversu mikil starfssemi er á vegum þessara félaga.

Fallorka ehf. sem er að fullu í eigu Norðurorku hf. hélt áfram uppbyggingu eftir stíflurofið sem varð á Djúpadalssstíflu í desember 2006 og er félagið mjög skuldsett eftir þessa uppbyggingu, sem var að mestu lokið í árslok 2008. Enn er verið að vinna að því að fá bætur úr Viðlagatryggingu vegna þess tjóns sem hamfaraflóðin í desember 2006 ollu á Djúpadalssvirkjunum. Raforkusala Fallorku ehf. fór hlutfallslega vaxandi á liðnu ári.

Á vegum Íslenskrar orku ehf. voru gerðar frekari yfirborðsrannsóknir í Öxarfirði með það að markmiði að hægt verði að staðsetja borholu sem hitt gæti í það uppstreymi af 180-200 °C heitu vatni sem þarna er að finna. Borun og frekari rannsóknir hafa ekki verið ákveðnar þar sem raforkuframleiðsla úr vatni með þessu hitastigi er ekki arðbær að sinni. Að því kemur þó væntanlega innan tíðar að raforkuframleiðsla verður arðbær á stöðum þar sem svipað háttar til með hitastig eins og í jarðhitakerfinu í Öxarfirði.

Netorka ehf. er í eigu orkufyrirtækjanna og einbeitt sér að meðferð gagna vegna raforkumarkaðarins, er einskonar reiknistofa þessa markaðar.

Fyrirtækið NORAK ehf. var stofnað í janúar 2008 af Norðurorku hf. Orkuvirki ehf. og Rafeyri ehf. og eiga framantalin fyrirtæki þriðjungs hlut hvert í fyrirtækinu. Tilgangur félagsins er að eiga og reka spennistöð fyrir aflþynnuverksmiðju Becromal í Krossanesi. Gert er ráð fyrir að spennustöðin verði tilbúin til notkunar í lok apríl 2009 og kosti uppkomin um 5 milljónir evra, en tekjur fyrirtækisins verða í erlendri mynt.

Orkey ehf. sem stofnað var árið 2007 aðhafðist lítið á árinu eftir að hafa, árið 2007, kannað hagkvæmni þess að framleiða eldsneyti úr Kanolafræi. Framleiðsla „lífdíselolíu“ úr kanolafræjum frá Kanada er um þessar mundir ekki arðvænleg vegna hækkandi verðs á korni og lækkanði olíuverðs. Félagið mun áfram fylgjast með þróuninni og hugar nú að framleiðslu eldsneytis, í smáum stíl, úr innlendu hráefni.



Starfsmenn heiðraðir

Þekkingarvörður ehf. á og rekur RES orkuskólann á Akureyri. Starfsemi skólans hófst af fullum krafti snemma árs 2008 og hafa nemendur frá ýmsum þjóðlöndum stundað þar nám að undanförunu. Horfur á næstunni eru góðar og fjöldi nemenda er að hefja nám við skólann um þessar mundir.

Þeistareykir ehf. héldu áfram rannsóknum á háhitasvæðinu á Þeistareykjum og var varið um 640 mkr. til þeirra á árinu, en áður hafði verið varið um einum milljarði króna til rannsókna á svæðinu.

Boraðar voru tvær rannsóknarholur síðastliðið sumar. Haldið var áfram vinnu við umhverfismat, verkhönnun virkjunar, veghönnun og fleira. Allt þar til í lok október var talið að Alcoa hygðist reisa álver á Bakka við Húsavík á allra næstu árum. Alcoa kaus hinsvegar í lok október síðastliðinn að framlengja ekki viljayfirlýsingu um áframhaldandi samstarf og fjárhagslega aðkomu að rannsóknum á vegum Þeistareykja ehf. og Landsvirkjunar. Eigendur Þeistareykja ehf. munu því á næstunni ræða við þá aðila er hafa áhuga á nýtingu raforku frá Þeistareykjum. Varðandi árangur rannsókna er það að segja að hann er framar björtustu vonum. Boraðar hafa verið sex rannsóknar-/vinnsluholur á Þeistareykjum og hægt er að virkja nú þegar um 45 MW. Þetta er mjög góður árangur þar sem ljóst þykir að hægt er að bæta við 50-100 MW með borunum frá þeim tveim borteigum, sem nær eingöngu hafa verið nýttir til þessa. Áhrifsvæði þessara borteiga nær aðeins til um þriðjungs, eða um 15 ferkílómetra, þeirra 45 ferkílómetra sem háhitasvæðið er talið ná til. Með tilliti til þess má gera því skóna að framleiðslugeta svæðisins sé a.m.k. 250-350 MW.

Úrskurður Umhverfissráðherra frá því í júlílok 2008 þess efnis að frekari boranir á Þeistareykjum skyldu fara í sameiginlegt umhverfismat með línulögnum Landsnets og álversframkvæmdum Alcoa á Bakka kom verulega á óvart og hefur valdið óvissu, töfum og kostnaði fyrir Þeistareyki ehf. Að áliti forsvarsmanna Þeistareykja ehf. var úrskurður þessi óréttmætur gagnvart félaginu m.a. sökum þess að tímafrestir sem ráðherra hefur samkvæmt lögum voru ekki virtir og reglur um málshraða þar með brotnar. Auk þess voru ákvarðanir er lúta að umsögnum og matsferlinu ekki byggðar á málefnalegum sjónarmiðum og reglur því þverbrottnar. Þeistareykir ehf. héldu því fram að fráleitt væri að spyrða félagið við aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem ásetningur félagsins var og er sá að framleiða og selja raforku þeim sem hana vilja kaupa.


Jarðhitarannsóknir á vegum Norðurorku hf. voru ekki miklar á árinu ef frá eru taldar rannsóknarboranir að Reykjum í Fnjóskadal. Lengi hefur staðið til að kanna betur jarðhitann á Reykjum en ekki orðið af fyrir en nú. Rannsóknarboranir voru framkvæmdar á Reykjum á árunum 1979-1981 þegar Hitaveita Akureyrar átti í erfiðleikum vegna vatnsskorts. Árangur þeirra borana var sá að nokkurt magn fannst af yfir 90°C heitu vatni. Hinsvegar þótti sýnt að uppstreymisæð vatnsins væri ekki fundin og frekari rannsóknir þyrfti til að finna uppsprettu vatnsins og ná þannig viðunandi magni. Eftir þetta var lítið aðhafst, þó voru gerðar yfirborðsrannsóknir í Fnjóskadal þ.m.t. á Reykjum sumarið 1997. Þessar mælingar skiluðu ekki mikilli viðbótarþekkingu um jarðhitasvæðið á Reykjum. Boranirnar sl. sumar gáfu nokkrar vísbendingar um hvar leita ætti að uppsprettu vatnsins og gáfu einnig vísbendingar um að fyrri áætlanir um stærð svæðisins og getu væru ekki fjarri lagi. Ein af þeim fimm holum sem boraðar voru, var boruð í um 10 metra fjarlægð frá núverandi vinnsluhölu og gefur hún verulegt vatnsmagn eða um 30-40 lítra á sekúndu af 93°C heitu vatni. Holan hefur nú verið virkjuð sem varahola fyrir Reykjaveitu.

Fjárhagur

Það fjármálafáriðri sem gengur nú yfir heimsbyggðina og er enn sem komið er hvassast hérlendis setur óhjákvæmilega mark sitt á efnahag Norðurorku hf. eins og flestra annarra fyrirtækja. Norðurorka hf. er nokkuð skuldsett og lánasafnið er að meirihluta í erlendri mynt. Hið hrikalega fall krónunnar á síðari hluta ársins setur óhjákvæmilega mark sitt á efnahagsreikning félagsins þó svo að krónan hafi sveiflast töluvert undanfarin ár eins og fram kemur hér á eftir. Vera má að samsetning lánasafnsins hefði átt að vera á annan veg en þess ber þó að gæta að fyrirtækið hefur haft gríðarlegan ábata af vaxtamun erlendra lána og innlendra undanfarin ár. Vaxtamunurinn er enn mikill og lánin flest til langs tíma og munu með styrkingu krónunnar eða upptöku nýs gjaldmiðils ekki hafa eins mikil áhrif og ætla mætti á fjárhag Norðurorku hf. til lengri tíma lítið. Rekstrarkostnaður var innan þeirra marka sem áætlanir gerðu ráð fyrir en fjárfestingar urðu nokkuð meiri en áætlað hafði verið einkum vegna þenslunnar, kaupa á veitum Eyjafjarðarsveitar og hlutafjárútkningar í aðildarfélögum.

Frá 31. desember 2001 til 31. desember 2008 hafa verið miklar sveiflur á gengi íslensku krónunnar. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hefur einnig tekið miklum breytingum á þessum tíma. Gengisvísitalan hefur hækkað um 52,5% og neysluvísitala um 47,5%. Þróun þessara tveggja breyta hafa þó ekki verið línulegar því fram á árið 2008 var gengisvísitalan lægri en öll árin frá 2001. Þessi styrkleiki krónunnar á liðnum árum, hátt innlent vaxtastig og verðbólga gerðu það mjög fýsilegt að taka lán í erlendri mynt og nýta vaxtamun og sterkt gengi til að greiða niður skuldir. Þetta hefur tekist, en við þá miklu breytingu sem varð á genginu árið 2008 urðu áhrifin þau að höfuðstóll erlendra skulda hækkaði gríðarlega. Þrátt fyrir þessa miklu breytingu er

ljóst að hefðu lán fyrirtækisins verið tekin í íslenskum krónum á umliðnum árum væri skuldastaðan enn hærri og vaxtargreiðslur orðið miklu hærri.



Þessi mynd sýnir breytingar á neysluvísitölu og gengi á þessu tímabili. Samkvæmt skýrslum frá Landsbankanum sem gerðar voru á árunum 2003 til júní 2008 kemur fram að vaxtahagræðið var einnig verulegt. Til samanburðar hefur tafla Seðlabankans verið sett inn í töfluna sem sýnir meðalvexti erlendra lána í samanburði við óverðtryggða innlenda vexti. Síðasta skýrsla Landsbankans er til miðs árs 2008, en við greiðslustöðvun bankans stöðvaðist frekari gagnavinnsla.

Ár	Vextir erlendra lána	Vextir Lí óverðtryggðra lána	SÍ - Vextir óverðtryggðra lána	Vaxtahagræði í milljónum króna
31.12.03	1,44%	6,73%	8,5%	65,2
31.12.04	2,14%	8,75%	9,0%	94,3
31.12.05	2,85%	10,1%	12,0%	115,7
31.12.06	3,50%	14,65%	15,5%	177,9
31.12.07	4,02%	14,45%	16,5%	197,9
30.06.08	4,31%	19,75%	18,5%	130,3

Á undanförmum árum hefur orðið umtalsverð stækkun á veitukerfum Norðurorku á Akureyri, en auk þess hefur verið lagt í miklar fjárfestingar til að tryggja nægjanlegt heitt vatn og jafnframt hafa veitur á svæðinu sameinast Norðurorku. Helstu breytingar eru:

- tvær nýjar borholur og dælustöð ásamt aðveituæð frá Hjalteyri
- hitaveita lögð í Arnarneshrepp
- hitaveita Ólafsfjarðar keypt
- hita- og vatnsveita Hríseyjar keypt
- hita- og vatnsveita Svalbarðsstrandarhrepps keypt og dreifikerfið stækkað mikið
- hita- og vatnsveitur Eyjafjarðarsveitar keyptar og dreifikerfið stækkað
- ný hitaveita, Reykjaveita, lögð frá Reykjum í Fnjóskadal og til Grenivíkur.

Þrátt fyrir þessar nýju veitur og verulega stækkun dreifikerfa á Akureyri hefur rekstarkostnaður tekið litlum breytingum. Sé borin saman kostnaður við rekstur Norðurorku á árunum 2005 til 2008 miðað við breytingar á vísitölum byggingakostnaðar og neyslu í árslok ár hvert, kemur í ljós að tekist hefur að ná fram verulegri hagræðingu með yfirtöku þessara veitna og verulegri stækkun veitukerfa.

	2005	2006	2007	2008
kostnaður	1,00	1,14	1,07	1,20
bvt	1,00	1,12	1,06	1,27
nvt	1,00	1,07	1,06	1,18

Síðast en ekki síst ber að geta þess að endurmat eigna hefur ekki farið fram en stefnt að því að það fari fram ár árinu 2009.

Rafveitan

Norðurorka hf. dreifir raforku á Akureyri og er enn sem komið er með ódýrustu dreifinguna á landsvísu. Um rekstur allra rafdreifiveitna hérlendis gildir að löggjafinn heimilar ekki eðlilega arðsemi af þeim eignum sem bundnar eru í rekstrinum. Þetta er engum til góðs og verður til lengri tíma lítið þess valdandi að afhendingaröryggi skerðist.

Framkvæmdir í dreifikerfi rafmagns voru umfangsmiklar á árinu. Unnið var að stækkun kerfisins og styrkingu í samræmi við þarfir notenda. Tvær gamlar spennistöðvar voru sameinaðar í eina nýja og tveim nýjum til viðbótar bætt við kerfið. Tengdir voru 155 nýir raforkusölumælur. Unnið var að hefðbundnu viðhald spennistöðva, búnaði breytt og hann í sumum tilfellum endurnýjaður. Mjög litlar truflanir urðu á raforkuafhendingu.

Vatnsveitan

Dreifikerfi vatnsveitu stækkaði mikið á árinu. Vatnsveitan þjónar auk Akureyrar, Svalbarðsstrandarhreppi, Hrísey, Hörgárbyggð og nú einnig Eyjafjarðarsveit eftir að Norðurorka



Stjórnarformaður Ásgeir Magnússon setur Málþing Norðurorku 2008



Franz ásamt gestum frá Venetohéraði á Ítalíu

hf. keypti vatnsveitur sveitarfélagsins í Reykárhverfi. Vatnsveitan nær þó ekki til allra íbúa viðkomandi sveitarfélaga heldur að mestu einskorðuð við byggðakjarnana og þá sveitabæi sem liggja nærri aðveituæðum sem liggja frá vinnslusvæðunum að byggðakjörnum. Vatnsöflun er að mestu í góðu horfi. Þó eru viðvarandi vandamál með vatnsöflun fyrir hluta Svalbarðsstrandarhrepps. Áfram var unnið að endurbótum á vatnsveitum Svalbarðsstrandarhrepps og Hríseyjar bæði í vatnsöflun og á dreifikerfum. Viðskiptavinum vatnsveitunnar fjölgaði um 146 á árinu þar af 66 vegna Reykárveitu.

Hitaveitan


Auk mikilla framkvæmda á Akureyri bæði vegna viðbóta við gatnakerfi bæjarins og miklar byggingaframkvæmdir var áfram unnið að Reykjaveitu, en framkvæmdum við veituna lauk síðastliðið sumar. Áfram var haldið af fullum krafti við tengingar húsa í Grýtubakkahreppi og um síðustu áramót höfðu verið tengd um 170 hús við veituna í Grýtubakkahreppi og Fnjóskadal. Þá bættust 55 viðskiptavinir við þegar Norðurorka hf. keypti hitaveitu Reykárhverfis af Eyjafjarðarsveit og tók við rekstri hennar 1. júlí 2008. Alls voru tengdir 160 nýir viðskiptavinir við kerfi hitaveitunnar á árinu. Við Kristnes hefur verið sjálfstætt dreifikerfi fyrir heitt vatn sem Norðurorka hf. hefur útvegað úr borholu við bæinn Reykhús og hefur kerfið ekki verið tengt við önnur kerfi hitaveitunnar. Með tilliti til öryggissjónarmiða o.fl. þótti þetta ekki lengur ásættanlegt og því ákveðið að leggja nýja aðveitu að Kristnesi. Er lögnin tekin úr aðalæðinni frá Laugalandi við bæinn Ytra-Gil og tengir auk Kristness fjögur hús á býlinu Teigi við kerfi Norðurorku.

Ekki var mikið um bilanir, þó þurfti að skipta um dælu á Reykjum í Fnjóskadal og þar var einnig virkjuð ný hola sem er varahola fyrir Reykjaveitu.




LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA


Hitaveita - Orkuvinnsla á mánuði - Heitavatnsöflun samtals 7.259.316 m³



Próun vinnslu á heitu vatni




Raforka notuð til dælingar á heitu vatni



LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA

Orkunotkun, orkupörf og orkumáttur hitaveitu Norðurorku.




LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA


Almennar upplýsingar	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	18.059	18.663	19.057	22.640	22.963
Húsveitur	5.564	5.754	6.001	6,226	6.386
Rúmmál húsa tengd hitaveitu m ³	4.344.472	4.500.476	4.740.460	4.984.759	5.233.916
Hemlar	130	130	130	130	130
Orkuöflun á jarðhitasvæðum	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi virkjaðra borholna:					
Með djúpdælu	11	11	14	14	15
Án djúpdælu	2	2	2	2	2
Uppsett afl á jarðhitasvæðum MW	73	74,5	81	81	81
Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m ³	4.950.852	5.200.000	5.384.481	5.723.029	6.196.472
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C	89	89	89/60	89/60	89/60
Aðveituæðar / orkuöflun	2004	2005	2006	2007	2008
Lengd safn- og aðveituæða:					
Stál m	51.869	51.869	51.869	52.720	52.720
Plast m	11.800	11.800	11.800	11.800	11.800
Samtals m	63.669	63.669	63.669	64.520	64.520
Varmadælur:					
Uppsett afl MW	4,4	4,4	4,4	4,4	4,4
Raforkunotkun GWh	6	2,4	0,07	1,8	0,08
Olíuketill:					
Uppsett afl MW	12	12	12	12	12
Olíunotkun á ári lítrar	0	0	0	0	0
Dreifikerfi og dælustöðvar	2004	2005	2006	2007	2008
Uppsett afl í dreifikerfi (afígeta) 1) MW	86,5	86,5	86,5	93,7	93,7
Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu MW	61,3	58,7	66,6	70,0	72,9
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³	5.775.379	6.185.129	6.340.034	6.792.425	7.259.316
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	79	79	79/60	79/60	79
Áætlaður meðalvatnshiti til notenda °C	72	72	72/58	72/58	72
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu 2 TJ	1.245,1	1.333,5	1.366,9	1.464,4	1.565
Hlutfall orkuvinnslu:					
Jarðhiti %	98	98	99,9	99,9	99,9
Rafmagn %	2	2	0,1	0,1	0,1
Olía %	0	0	0	0	0
Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	6	6	7	7	7
Heildarafli dælna (dælust. og djúpdælur) KW	2.761	2.875	2.878	2.902	2.902
Rafmagnsnotkun á dælur MWh	6.217	5.357	5.640	5.932	6.115
Miðlunarrými m ³	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis:					
Stál m	296.598	300.000	310.381	371.630	409.987
Plast m	53.177	62.672	75.464	97.582	102.718
Samtals m	349.775	362.672	385.845	469.212	512.705
Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	300	682	1.150	946	774
Hlutfall dreifikerfis: (lengd)					
Einfalt %	83	84	85	87	87
Tvöfalt %	17	16	15	13	13
Reykjaveita	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi virkjaðra borholna:					
Með djúpdælu					2
Án djúpdælu					0
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C					90°C
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C					90°C
Lengd dreifikerfis					
Stál m					58.656
Plast m					26.295
Samtals m					84.951
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á ári m ³					369.919
Hríseyjarveita	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi virkjaðra hola					
Með djúpdælu					0
Án djúpdælu					1
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C					78°C
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C					78°C
Lengd dreifikerfis					
Stál m					4.645
Plast m					1.931
Samtals m					6.576
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á ári m ³					141.222
Ólafsfjarðarveita	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi virkjaðra hola					
Með djúpdælu					2
Án djúpdælu					1
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C					57/67 °C
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C					60,9
Lengd dreifikerfis					
Stál m					24.344
Plast m					11
Samtals m					24.355
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á ári m ³					1.317.441

LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA


Raforkudreifing 2008




Þróun raforkudreifingar 1992 - 2008



Saga raforkudreifingar 1923 - 2008



LYKILSTÆRÐIR - RAFVEITA



Raforkudreifing og -flutningur - Glerárvirkjun og Djúpadalsvirkjun tengjast beint inn á dreifikerfið

MWh	Landsnet		Virkjanir		Heild samtals MWh	Forgangsafl MW
	Forgangsorta	Ótryggort	Glerárvirkjun	Djúpadalsvirkjun		
JAN	11.023	1.838	102	671	13.635	21,2
FEB	9.778	1.871	77	623	12.348	19,8
MAR	9.690	1.797	56	531	12.074	19,0
1.ársfj	30.491	5.507	235	1.825	38.058	
APR	8.803	1.741	13	543	11.101	17,5
MAÍ	7.384	1.655	164	1.042	10.245	16,1
JÚN	6.260	1.597	204	1.251	9.312	15,4
2.ársfj	22.448	4.992	381	2.836	30.657	
JÚL	6.554	1.623	170	1.295	9.642	14,5
ÁGÚ	6.659	1.444	211	1.327	9.641	14,2
SEP	7.462	1.617	159	1.279	10.517	15,5
3.ársfj	20.675	4.683	540	3.901	29.800	
